

Frostfilm ehf
Skiopholt 50D
105 Reykjavíkd

10. maí 2019
UST201905-049/09.04.00
09.04.00

Efni: Umsókn um drónaflug- og myndatökuleyfi - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Frostfilm ehf, dagsett 8. maí 2019, um leyfi til drónaflugs og myndatöku innan náttúruvættisins Dyrhólaey.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Verið er að mynda módel sem stendur skammt frá brúninni á Háey sem snýr í vestur. Tveir tókustaðir koma til greina. Útsýnisstaður vestan við vitann og bjargbrúnina vestan við bílastæði. Drónaflugið fælist í því að dróni taki á loft hjá módelinu og fer svo upp í um 40 metra hæð yfir módelinu. Ekki er flogið framyfir bjargbrún. Gert er ráð fyrir 3-5 drónatökum og að hver þeirra standi yfir í 2-3 mín. Ráðgert er að tókurnar taki um það bil 2 klst á tímabilinu 11.- 14. maí 2019. Gert er ráð fyrir að tókutímabilið verði á bilinu 9:00-19:00.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til skamms tíma litið. Drónaflugið getur haft neikvæð áhrif á fuglalíf og upplifun gesta á svæðinu rétt á meðan það fer fram. Umfang flugsins er þó minniháttar og að höfðu samráði við fuglafræðing og skoðun á flugleið er metið sem svo að hægt sé að takmarka neikvæðu áhrifin sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Frostfilm ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir myndatöku og drónaflugi á Háey í Dyrhólaey sbr. lýsingu hér að ofan í 2 klst. í einn dag á opnunatíma eyjarinnar, 9:00-19:00, á tímabilinu 11.- 14. maí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til opinberar birtingar skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Óheimilt er að fljúga drónanum inna á lokuð svæði, út fyrir girðingar og fram af bjargbrún. Skal honum flogið ofan við eða aftran við módelið líkt og tilgreint er í umsókn umsækjanda.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að skrá þarf dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um

kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá
Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið
verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur